



Akraneskaupstaður

## Verklagsreglur um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar

### 1. Innritun

- 1.1. Umsóknareyðublöð um leikskóladvöl, breytingu á dvalartíma og flutning milli leikskóla má finna á þjónustugátt Akraneskaupstaðar [www.akranes.is](http://www.akranes.is) eða [Vala leikskóli - Umsóknarvefur](#) í umsóknum skal gerð grein fyrir þeim dvalartíma sem óskað er eftir fyrir barnið.
- 1.2. Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala hefur verið skráð.
- 1.3. Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að barn eigi lögheimili á Akranesi. Þeir sem tekið hafa ákvörðun um að flytja á Akranes geta sótt um leikskóla þemur mánuðum fyrir flutning, barn getur verið á biðlista en plássi er ekki úthlutað fyrr en lögheimilisskráning hefur átt sér stað. Verði ekki af flutningi innan þessa tíma fellur umsóknin niður.
- 1.4. Skóla- og fristundaráð ákveður innritunaraldur barna í mars ár hvert með tilliti til fjölda leikskólapláss. Aðalinnritunardagur leikskóla er að vori og auglýstur á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Inntaka í leikskóla fer að jafnaði fram í lágúst.
- 1.5. Sótt er um leikskólavist í leikskóla á Akranesi, horft er til aldursdreifingar og fjöldu plássá í hverjum leikskóla fyrir sig við úthlutun. Foreldrar fá staðfestingu um að umsókn hafi verið móttokin. Við innritun er horft til aldurs barns þannig að eldri börn hafa forgang umfram yngri. Leitast er við að systkini séu í sama leikskóla.
- 1.6. Forgang í leikskóla eiga börn sem náð hafa innritunaraldri og að mati sérfræðinga hafa þörf fyrir leikskóladvöl. Skólaþjónusta Akraneskaupstaðar leggur mat á umsóknir um forgang og þeim þarf að fylgja staðfesting frá viðurkenndri stoðþjónustu og/eða læknisvottorð.
- 1.7. Ef foreldrar óska eftir flutningi milli leikskóla eftir að leikskólaganga hefst, skal fylla út rafræna umsókn á <https://umsokn.vala.is>. Sömu reglur gilda og fyrir aðrar umsóknir.
- 1.8. Gagnkvæmur skriflegur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við mánaðamót. Tilkynning skal berast til leikskólastjóra.
- 1.9.

### 2. Undantekning frá kröfu um lögheimili á Akranesi

- 2.1. Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss á Akranesi. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu á Akranesi skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði á Akranesi. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið [skoliogfristund@akranes.is](mailto:skoliogfristund@akranes.is). Farið er fram á staðfestingu um búsetu á Akranesi með eftirfarandi gögnum: Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis á Akranesi.
- 2.2. Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið á Akranesi við nám eða störf geta sótt um leikskólapláss, framvísa þarf skólovottorði þar sem við á. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að

**Comment [DH]:** Barn getur innritast í leikskóla á því ári sem það verður tveggja ára. Aðalinnritunardagur leikskóla er að vori og auglýstur á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Við innritun er horft til aldurs barns þannig að eldri börn hafa forgang umfram yngri. Leitast er við að systkini séu í sama leikskóla. Inntaka í leikskólaskóla fer að jafnaði fram að loknu sumarleyfi leikskólanna.

**Comment [DH]:** Sækja skal um einn leikskóla sem aðalumsókn og allt að two til vara. Foreldrar fá staðfestingu um að umsókn hafi verið móttokin

**Comment [DH]:** Grein 1.9. tekin út, var:  
1.1. Gagnkvæmur skriflegur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við mánaðamót. Leikskólastjórar afhenda eyðublaðið.



## Akraneskaupstaður

unnt sé að taka við börnum tímabundið. Börn sem dvelja tímabundið á Akranesi en eiga lögheimili annars staðar en á Akranesi s.s. barnavernd vegna barna með lögheimili utan Akranes sem ráðstafað er tímabundið á fósturheimili á Akranesi geta sótt um leikskólapláss á Akranesi. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Akraneskaupstað hlut sveitarfélagsins í leikskólokostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið [skoliogfristund@akranes.is](mailto:skoliogfristund@akranes.is) og auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu.

Comment [DH]: Nýr grein

Comment [DH]: Ný grein

### 3. Dvalartími

- 3.1. Leikskólarnir eru opnir frá kl. 07:30 til kl. 16:30. Dvalartími barns er skipulagður í samráði við leikskólastjóra og foreldra. Leikskólarnir bjóða upp á dvalartíma til kl. 17:00 ef foreldrar þriggja barna eða fleiri óska eftir dvöl á þeim tíma. Beiðni þar um skal liggja fyrir í byrjun skólaárs. Ef dvalartími barns er umfram 8 klukkustundir er heimilt að kaupa 15 mínútur. Kaup á dvalartíma innan átta tímana miðast við heila og hálfa klukkustundir.
- 3.2. Leikskólarnir Vallarsel og Akrasel bjóða upp á dvalartíma frá kl. 06:45 ef foreldrar þriggja barna eða fleiri óska eftir dvöl á þeim tíma. Beiðni þar um skal liggja fyrir í byrjun skólaárs. Greitt er fyrir allan tímann á milli 06:45-07:30 (45 mín) og er greitt 20% álag fyrir þennan tíma sem leggst á dvalargjaldið.
- 3.3. Foreldrum stendur til boða að kaupa styttri dvalartíma á föstudögum og eru gjöld felld niður sem því [nemur].
- 3.4. Ef foreldrar óska eftir breytingum á dvalartíma og/eða styttri dvöl á föstudögum skal fylla út rafræna umsókn á <https://umsokn.vala.is>. Leikskólastjóri samþykkir beiðnina, breytingar á gjaldi koma fram á reikningi í næsta greiðslumánuði. Breyting á vistunartíma skal berast fyrir 20. dags mánaðar og gilda eigi skemur en þrjá mánuði.
- 3.5. Gert er ráð fyrir að daglegur dvalartími barns fari ekki yfir 8,5 klukkustundir á dag nema með fenginni undanþágu vegna sérstakra aðstæðna [foreldra].
- 3.6. Leikskólarnir loka að jafnaði í 4 vikur yfir sumartímann. Barn í leikskóla skal taka 4 vikna samfellt sumarleyfi ár hvert. Ef foreldrar taka samfelldar 5 vikur í sumarleyfi fyrir barn sitt í tengslum við sumarlokun fellur niður fæðis- og dvalargjald. Samfelt leyfi í tvær vikur eða lengur sem tekið er á öðrum tíma en í tenglum við sumarlokanir leikskólanna skal tilkynna með mánaðar fyrirvara eigi að koma til niðurfelling á fæðisgjaldi.
- 3.7. Leikskólarnir loka fimm daga á ári vegna skipulags- og fræðsludaga. Þeir dagar eru valdir með tilliti til skipulagsdaga í grunnskólunum eða þegar grunnskólanemendur sækja ekki skóla. Leikskólagjald er ekki fellt niður vegna þessara daga.

### 4. Gjaldskrá

- 4.1. Gjaldskrá leikskóla er endurskoðuð a.m.k. einu sinni á ári og tekur bæjarstjórn ákvörðun um breytingar á henni. Akraneskaupstaður greiðir að stærstum hluta kostnaðar við dvöl barna í leikskólum Akraneskaupstaðar.
- 4.2. Til að njóta systkinaafsláttar er skilyrði að systkini séu skráð með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Yngsta barn greiðir fullt gjald og síðan reiknast afsláttur koll af kolli. Afsláttur vegna systkina er 50% vegna annars systkinis og 75% vegna þriðja og fjórða



## Akraneskaupstaður

systkinis og nær til dvalargjalds. Ekki reiknast afsláttur af dvalargjaldinu af álagstímanum á milli kl. 6:45-7:30. Afsláttur reiknast ekki af fæðisgaldi. Systkinaafsláttur gildir milli dagforeldra, leikskóla, frístundar fyrir 1. -4 . bekk og frístundar fyrir nemendur með fötlun í 5.-10. bekk.

- 4.3. Einstæðir foreldrar greiða lægra gjald eins og fram kemur í gjaldskrá og skal sækja um sílka ívlnun rafrænt <https://umsokn.vala.is>

Foreldri þarf að vera skráð einstætt í þjóðskrá og þarf barn að vera skráð á sama fjölskyldunúmer og lögheimili og umsækjandi til að fá afslátt af leikskólagjöldum. Hefji einstætt foreldri sambúð aftur skal greiða fullt gjald þegar sambúð hefst. Umsókn um afsláttinn skal endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

- 4.4. Námsmenn greiða lægra gjald ef báðir foreldrar eru í fullu námi í framhaldsskóla eða háskóla skv. viðmiðun LÍN. Sækja skal um sílka ívlnun rafrænt <https://umsokn.vala.is>

Skila þarf innritunarvottorði frá skóla í upphafi hverrar annar. Einnig þarf að skila vottorði um námsframvindu eða námslok í júní og janúar. Vottorðum skal skila til fulltrúa í fjármálasvið Akraneskaupstaðar. Skóla -og frístundaráð Akraneskaupstaðar úrskurðar um vafaatriði.

- 4.5. Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfellt eða lengur geta foreldrar sótt um niðurfellingu á leikskólagjöldum, gegn framvisun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um niðurfellingu gjalda innan þriggja mánaða frá því að veikindum [líkur]

- 4.6. Gjalddagi leikskólagjaldar er 10. hvers mánaðar og eindagi 5. næsta mánaðar.

- 4.7. Þriggja mánaða skuld á leikskólagjöldum er skoðuð sem uppsögn á dvalarsamningi.

- 4.8. Leikskólagjöld eru felld niður opnunardaga á tímabilinu 23.-30. desember vegna barna sem ekki sækja leikskóla á þeim tíma, foreldrar sækja um niðurfellingu fyrir 1. desember ár hvert.

## 5. Ráðgjöf og viðtalsbjónusta

- 5.1. Allar nánari upplýsingar er varða leikskólamál eru veittar á bæjarskrifstofu, Dalbraut 4.

- 5.2. Lögbundin sérfræðibjónustu er veitt að öllu jöfnu innan leikskólanna með aðkeyptri sérfræðibjónustu. Við staðbundna sérfræðibjónustu fyrir leikskóla starfa sálfræðingar og talmeinafræðingur. Í sérfræðibjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk [þeirra]

- 5.3. Öll börn (0-18 ára) og foreldrar þeirra hafa aðgang að farsældarbjónustu skv. Lögum um samþættingu bjónustu í þágu farsældar barna nr.86/2021. Í leiksskólum Akraneskaupstaðar eru starfandi tengiliðir sem foreldrar geta haft beint samband við ef þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra. Upplýsingar um tengiliði er að finna á heimasíðu Akraneskaupstaðar <https://www.akranes.is/thjonusta/velferd-og-fjolskylda/farsaeld-barna-a-akranesi> og á heimasíðum [leikskólanna]

- 5.4. Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara verklagsreglna er hægt að vísa málinu til skóla- og frístundaráðs Akraneskaupstaðar.

**Comment [DH]:** Var áður: 1.1. Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfellt eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma en veikindi vara gegn framvisun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur.

**Comment [DH]:** Ný grein

**Comment [DH]:** 1.1. Við sérfræðibjónustu fyrir leikskóla starfa sálfræðingar, iðjunþálfí og talmeinafræðingur. Í sérfræðibjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra.

**Comment [DH]:** Ný grein



Akraneskaupstaður

Þannig samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs Akraness þann 8. mars 2023

---

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

**Leikskólar Akraneskaupstaðar eru:**

Leikskólinn Garðasel, Asparskógar 25 433-1240 [gardasel@gardasel.is](mailto:gardasel@gardasel.is)

Leikskólinn Teigasel, Laugarbraut 20 433-1280 [teigasel@teigasel.is](mailto:teigasel@teigasel.is)

Leikskólinn Vallarsel, Skarðsbraut 6 433-1220 [vallarsel@vallarsel.is](mailto:vallarsel@vallarsel.is)

Leikskólinn Akrasel, Ketilsflöt 2 433-1260 [akrasel@akrasel.is](mailto:akrasel@akrasel.is)